

VEÐU2VF05

Búið til: Mon, 02 Jun 2014 13:32:34 GMT

Titill

Veður- og haffræði

Skammstöfun

VEÐU2VF05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

veðurfræði

Viðfangsefni

veðurfræði

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur öðlist skilning á lofthjúpi jarðar, lagskiptingu hans og helstu einkennum. Í áfanganum er farið í hvernig mismunandi veðrakerfi verða til og þróast og hvernig staðsetning veðrakerfa og landslag hefur áhrif á veðurfar á hverjum stað. Nemendur læra að lesa í veðurkort, og nýta sér vefsíður til að draga ályktanir um veðurfar. Nemendur læra um helstu hafstrauma jarðarinnar og samspil hafstrauma og veðrakerfa. Farið er yfir veðurfarsbreytingar og sveiflur bæði af náttúrulegum- og af mannavöldum og humyndir vísindamanna um þróun veðurfars á jörðinni.

Forkröfur

Inngangur að náttúruvísindum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- efnasamsetningu, lagskiptingu, og eðliseiginleikum lofthjúps jarðar
- mismunandi skýjagerðum og flokkun þeirra
- vindakerfi jarðar
- árstíðum, orsökum og samhengi við veðurfar
- loftslagsbeltum jarðar
- tengslum veðurfars og gróðurbelta og tengslum veðurfars og landslags
- ýmsum veðurfarslegum fyrirbærum
- hafstraumum og blöndun sjávar með láréttum og lóðréttum hafstraumum
- myndun hafíss
- hringrásum efna í lofthjúpi og hafi
- loftmengun og breytingum á loftslagi
- loftslagsbreytingum af manna völdum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina ský og nýta skýjamyndanir til að segja til um veður
- greina veðurkort

- fjalla um veðurlag út frá stöðu veðrakerfa á nánd við Ísland
- fjalla um ástand sjávar og mikilvægi þess fyrir lífríkið

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- leggja mat á veðurfræðilegar upplýsingar sem nýtast í daglegu lífi
- meta mögulegar veðurfarslegar ógnir
- leggja mat á upplýsingar um veðurfyrirbæri
- sjá samhengi og áhrif lífnaðarháttar á loftslag
- meta þau áhrif sem hafið hefur á daglegt líf okkar, t.d. hvað varðar veðurfar, sjávarföll og strauma
- leggja rökstutt mat á umfjöllun um loftslagsbreytingar á jörðinni og þær leiðir sem eru vænlegar til að sporna við þeim

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd